



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 27. apríl 2026

MSS25050113

**Borgarstjórnarkosningar 16. maí 2026, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.**

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist tilkynning frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fram 16. maí nk.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst 17. apríl sl. og fer eingöngu fram á jarðhæð í Hlíðasmára 1, þar sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er til húsa. Við síðustu sveitarstjórnarkosningar hefur verið lögð áhersla á að kjósendur í Reykjavík geti greitt atkvæði utan kjörfundar í sveitarfélaginu sjálfu en nú verður það ekki í boði.

Tilkynnist borgarráði það hér með.

Virðingarfyllt,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*